



Fréttatilkynning

11 March 2025 21:55:00 GMT

Arion Banki: Breyting á fjölda eigin hluta félagsins

Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 24. febrúar 2025 um kaupréttaráætlun starfsfólks og tilkynningar bankans um gerð kaupréttarsamninga vegna kaupaukakerfis ársins 2024 sem birt var 10. mars 2025.

Í kjölfar nýtingar kaupréttar samkvæmt kaupréttaráætlun starfsfólks voru samtals 4.532.369 hlutir afhentir til starfsfólks bankans þann 28. febrúar 2025. Kaupgengi afhentra hluta skiptist þannig að afhentir voru:

- 2.398.530 hlutir á genginu 95,5
- 1.795.376 hlutir á genginu 153,75
- 338.463 hlutir á genginu 155,75

Við útgreiðslu kaupauka vegna kaupaukakerfis bankans voru afhentir 1.344.246 hlutir til starfsfólks bankans þann 10. mars 2025. Kaupgengi hlutanna sem afhentir voru skiptist þannig að afhentir voru:

- 746.712 hlutir á genginu 166
- 597.534 hlutir á genginu 175,5

Arion banki á eftir afhendingu framangreindra hluta samtals 112.238.995 eigin hluti og sænsk heimildarskírteini (SDR) eða sem nemur 7,42% af útgefnu hlutafé.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion Banki: Breyting á fjölda eigin hluta félagsins](#)